

Efnistaka á Kiðueyri

Samantekt athugasemda og drög að svörum

A1625-003-U01

2024-05-08

Tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna efnistöku á Kiðueyri var auglýst 24.11.2023 til 11.01.2024. Athugasemdir bárust frá nokkrum aðilum og eru meginatriði þeirra tekin saman hér fyrir neðan, ásamt drögum að svörum, til afgreiðslu í umhverfis- og framkvæmdaráði og byggðaráði Múlapings.

Hafranssóknastofnun ítrekar fyrri umsagnir, enda hafi umfang efnistökkunnar ekki breyst, þar sem eindregið er mælt gegn efnistöku sem hefur í för með sér beina snertingu við virkan farveg straumvatna. Lagt er til að í framkvæmdaleyfi komi fram skýr ákvæði um umgengni við ána og takmörkun á raski á árbökkum og árbotni, auk annarra þátta til að draga sem mest úr álagi á lífríki árinna.

Fiskistofa tekur undir umsögn Hafró og vekur athygli á leyfisskyldu.

Drög að svari:

Bætt verður við skilmála um að setja skuli ákvæði í framkvæmdaleyfi af því tagi sem nefnd eru í athugasemdinni.

Eigendur Kaldár 2 (Katrín Ásgrímsdóttir) leggja áherslu á að efnistaka verði ekki nálægt landamerkjum um Urriðalæk og þaðan yfir í Grímsá og norðan og austan Vaðhólma vegna hættu á landeyðingu í Vaðhólma.

Drög að svari:

Bætt verður við skilmála um að þess sé gætt að ekki verði spillt landi aðlægra jarða.

Veidifélag Grímsár vekur athygli á því að uppi séu hugmyndir um að hætta losun aurs og malarefna úr lóni Grímsárvirkjunar en þá gætu forsendur um endurnýjun efnis á efnistökusvæðinu brostið.

Drög að svari:

Bætt verður við skilmála um að í framkvæmdaleyfi skuli gerður fyrirvari um óbreyttar forsendur endurnýjunar á efni.

Náttúrufræðistofnun ítrekar fyrri umsögn og hvetur til varfærni í umgengni við lífríki og að fylgjast þurfi með því að settjarnir virki.

Drög að svari:

Frekari skilmálar í framhaldi af ofangreindum athugasemdum mun tryggja aukna varfærni.

Landgræðslan varar er við því að efnistakan gæti ýtt undir útbreiðslu á lúpínu með flutningi efnis af svæðinu.

Drög að svari:

Margvíslegt jarðrask getur getur aukið útbreiðslu lúpínu og erfitt að taka fyrir allar framkvæmdir þar sem sú hættu er fyrir hendi. Þess vegna er ekki talið fært að hafna efnistöku á þeirri forsendu.

Vegagerðin telur að gera þurfi betur grein fyrir vegtengingum við Skriðdals- og Breiðdalsveg og kallar eftir samráði um þær.

Drög að svari:

Bætt verður við skilmála um að í framkvæmdaleyfi skuli tryggt samráð við Vegagerðina um aðkomu að efnistökusvæðinu.

Umhverfisstofnun vísar í fyrri umsögn og í lög um stjórn vatnamála og gildandi vatnaáætlun, sem nýlega hefur verið innleidd. Sýna þurfi fram á að efnistakan gangi ekki gegn markmiðum fyrir vatnshlotið (102-1150-R) um að vera í mjög góðu ástandi, sbr. skilgreiningar á því. Framkvæmdaraðili þurfi að meta þau áhrif sem efnistakan mun hafa á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðabætti vatnshlotsins. Lagt er til að fjallað sé um stjórn vatnamála í greinargerð tillögunnar.

Drög að svari:

Hafa þarf í huga að efnistaka skv. tillögunni fer fram á landi með einhverjum óhjákvæmilegum áhrifum á vatnið. Eins og fram kemur í umsögninni er ástand vatnshlotsins mjög gott, þrátt fyrir að efni hafi verið tekið víðsvegar í farveginum eða við hann á undanförunum árum, auk losunar á efni úr lóni Grímsárvirkjunar, sbr. umsögn veiðifélagsins. Ekki er því ástæða til að ætla að þetta ástand vatnshlotsins breytist verulega vegna efnistökkunnar og þá ekki tilefni til að álykta að hún sé í ósamræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Verulega er bætt í skilmála til að tryggja aukna varúð, sbr. önnur svör hér fyrir ofan. Bætt verður við upplýsingum um stjórn vatnamála í greinargerð, þ.m.t. umhverfismati.

Ekki er tilefni til að breyta tillögunni vegna athugasemdarinnar.

Minjastofnun sendi inn umsögn án athugasemda.